



DALVÍKURBYGGÐ

2022

Foreldrahandbók Krílakots



Ábyrgðarmaður: Guðrún Halldóra Jóhannsdóttir
Ritstjóri: Ágústa Kristín Bjarnadóttir
11. febrúar 2022

Innihald

Efnisyfirlit.....	1
Velkomin í Krílakot	2
Saga Krílakots	2
Yfirstjórn og ráðgjöf.....	2
Sérfræðipjónusta og ráðgjöf.....	3
Lög um leikskóla	3
Að byrja í Krílakoti	4
Þátttökuaðlögun.....	4
Fatnaður	5
Leikskólagjöld	6
Skóladagatal - upplýsingaflæði.....	6
Opnunartími og mætingar.....	7
Að heilsast og kveðjast	7
Hverjir sækja börnin	7
Breytingar á högum barnsins	7
Ökutæki og umferð kringum leikskólann	8
Foreldrasamtöl	8
Athuganir og mat á þroska og líðan barna	8
Fjölmennig í Krílakoti.....	8
Nemendavernd.....	9
Dagskipulag	9
Dvalarsamningur, breytingar á vistun og uppsagnir	9
Óhöpp og slys	10
Veikindi og frídagar	10
Leikföng	10
Heilsueflandi leikskóli – hollur matur, hreyfing og hvíld	10
Hefðir af ýmsu tagi	11
Sveitaferð	12
Dagur leikskólans.....	12
Samstarf við aðra skóla	12
Foreldrafélag	13
Heimasíða og Foreldraráð	14
Karellen.....	14
Lokaorð.....	14

Velkomin í Krílakot

Um leið og við bjóðum barnið ykkar og ykkur velkomin í leikskólann, viljum við gefa ykkur upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans og nauðsynlegt er fyrir foreldra að vita.

Saga Krílakots

Leikskólinn Krílakot tók til starfa haustið 1980 í hluta af núverandi húsnæði, þar sem eru tvær eldri deildir, fataherbergi og gangur, en áður eða frá 1975 hafði verið starfræktur leikskóli í gamla skólanum og síðar í Mímisbrunni (þá í eigu skátafélagsins).

Salur, eldhús, skrifstofa, kaffistofa, ræsting, þvottahús og loft var byggt við árið 1987. Árið 2007 var svo þriðja deildin byggð vestan við húsið ásamt bættri starfsmannaáðstöðu. Heildarstærð húsnæðis var þá 411 fm. og leiksvæðis 2.960 fm. eftir að við bættist trjálundur og lóð Móafells.

Skóflustunga að nýrri viðbyggingu var tekin í júlí 2015 og rétt rúmu ári seinna eða þann 5 ágúst 2016 fór fram vígsla á nýbyggingu Krílakot. Heildarstærð húsnæðis er nú um 931,6 fm. Miklar framkvæmdir voru einnig gerðar á gamla húsnæðinu þar sem starfsmannaástaða og eldhús var bætt verulega. Krílakot rúmar um 110 nemendur í vistun allan daginn á fimm deildum í umsjón um 30 kennara og annars starfsfólks.



Yfirstjórn og ráðgjöf

Fræðslu og menningarsvið Dalvíkurbyggðar fer með fræðslumálefni sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar. Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs er starfsmaður ráðsins og yfirmaður skólastjóra og kennsluráðgjafa. Fræðslusvið nær yfir málefni grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla, símenntunar og framhaldsskóla. Lög og reglugerðir, aðalnámskrár, skólastefna Dalvíkurbyggðar og skólanámskrár leggja grunn að hugmyndafræði, inntaki og skipulagi skólastarfsins. Á fræðsluskrifstofu starfa sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og kennsluráðgjafi. Hlutverk fræðsluskrifstofunnar er m.a. að fylgja eftir ákvörðunum fræðsluráðs, taka þátt í stefnumótunarvinnu með skólunum, sinna ytra eftirliti og stuðla að því að hver skóli nái hámarks árangri. Mikil áhersla er lögð á að fjármagn sé nýtt á skilvirkan hátt og fagmennska einkenni allt starf. Skrifstofan starfar að verkefnum sínum í samvinnu við skólastjórnendur, starfsfólk skólanna og fræðsluráð. Fagleg forysta í skólaþróun, ábyrgð á árangri og rekstri hvers skóla er í höndum skólastjóra.

Sérfræðipjónusta

Fræðsluskrifstofa veitir eða hefur milligöngu um kennsluráðgjöf, fjölmeningarráðgjöf, talmeinaþjónustu og sálfræðipjónustu. Starfsmenn fræðsluskrifstofu eru hluti af sérfræðipjónustu skóla og veita starfsfólki ráðgjöf og stuðning í ýmsum málum. Jafnframt er fræðsluskrifstofan með samning við Félagssvið um að sinna vissum þáttum sérfræðipjónustu skóla, þá helst er snúa að þroskaþjálfun. Í skólunum starfa einnig sérfræðingar, s.s. sérkennarar, þroskaþjálfari, iðjuþjálfari og náms- og starfsráðgjafi. Ýmist tekur fræðsluskrifstofa þátt í að skipuleggja sérfræðipjónustu skóla eða sérfræðingar skólanna sjá um skipulagningu hennar. Skólarnir sinna flestum frumgreiningum sjálfir sbr. *Stefnu grunnskóla Dalvíkurbyggðar um þjónustu nemenda með sérþarfir og Stefnu leikskóla Dalvíkurbyggðar í að mæta sértækum þörfum barna*. Fræðsluskrifstofan veitir öllum skólum faglega og rekstrarlega ráðgjöf ásamt aðstoð við úrlausn einstaklingsmála þegar þess er óskað. Markmið ráðgjafar er að gera skólastarf öflugra og starfsfólk sjálfstæðara við úrlausn viðfangsefna sem upp koma í daglegu starfi. Leitast er við að hafa margvísleg úrræði til að mæta sérþörfum nemenda. Aðgang að ráðgjafa og sérfræðipjónustunni hafa nemendur, starfsfólk skólanna og foreldrar.

Lög um leikskóla

Leikskólinn Krílakot starfar samkvæmt Lögum um leikskóla frá 2008. Í leikskólum skal velferð og hagur nemenda hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal nemendum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- a. að fylgjast með og efla alhliða þroska nemenda í náinni samvinnu við foreldra,
- b. að veita skipulega málörvun og stuða að eðlilegri færni í íslensku,
- c. að hlúa að nemendum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að nemendur fái notið bernsku sinnar,
- d. að stuðla að víðsýni nemenda og efla siðferðisvitund þeirra,
- e. að leggja grundvöll að því að nemendur verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- f. að rækta hæfileika nemenda til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Að byrja í Krílakoti

Það er mikilvægt að góð samvinna sé milli foreldra og starfsfólks strax við upphaf leikskólagöngu nemenda þar sem gagnkvæm samvinna og trúnaður þeirra á milli er forsenda þess að öllum líði vel. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því oft geta lítil atvik í lífi barnsins haft áhrif á hegðun þess og líðan í námi. Foreldrar/forráðamenn nemenda sem eru að byrja í Krílakoti eru boðaðir á kynningarfund áður en aðlögun hefst þar sem foreldrum er sýnt húsnaðið og farið er yfir markmið og leiðir skólans. Foreldrar fá eyðublöð til útfyllingar sem þeir skila inn þegar nemandi byrjar í leikskólanum þar sem fram koma mikilvægar upplýsingar um barnið og fjölskyldu þess. Góð samvinna og gagnkvæmur trúnaður foreldra og starfsfólks leikskóla er forsenda þessa að leikskólanámið verði nemendum árangursríkt og ánægjulegt. Mikilvægur þáttur í þessari samvinnu er aðlögun þar sem lagður er hornsteinn að góðu samstarfi. Þegar barn byrjar í leikskóla er nauðsynlegt að hafa í huga þær breytingar sem það hefur í för með sér fyrir einstaklinginn. Það þarf að aðlagast nýju umhverfi, kynnast nýju fólki og þeim nemendum sem fyrir eru, læra að vera í hópi, fara eftir reglum o.s.frv. sú leið sem við veljum að fara í aðlögunarferlinu er svo kölluð þátttökuaðlögun.

Þátttökuaðlögun

Í Krílakoti fer aðlögun fram með svokallaðri þátttökuaðlögun. Leikskólinn er samfélag þar sem fullorðnir og nemendur byggja upp þekkingu saman og er staður námstækifæra. Nemandi tekur virkan þátt í að móta umhverfi sitt og þekkingu. Í þeim anda er þátttökuaðlögun. Hún byggist á því að nemandinn læri að vera í nýjum aðstæðum með stuðning foreldra sinna. Þátttökuaðlögun byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskennd og forvitni í þessum nýju aðstæðum, á börnin sín. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlist þeir öryggi um dagskipulagið og það nám og starf sem fram fer í leikskólanum. Þeir kynnast kennurum öðrum nemendum, foreldrum og starfinu í leikskólanum.

Foreldrar eru með börnunum í þrjá daga. Æskilegt er að aðeins annað foreldrið sé með í einu og geta foreldrar þá skipt með sér aðlöguninni.

Dagur 1. frá kl. 9.00 til 11.00.

Dagur 2. frá 8.00 - 15.00 /sé vistunartími styttri er komið seinna/farið fyrr heim.

Dagur 3. frá 8.00 - 15.00/sé vistunartími styttri er komið seinna/farið fyrr heim.

Foreldrarnir eru inni á deild með börnum sínum allan tímann (nema þegar þau sofa).

Foreldrar sinna börnum sínum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Kennararnir eru virkir þátttakendur í aðlöguninni, þeir skipuleggja daginn og deila út verkefnum. Á fjórða degi koma nemendur um morguninn og kveðja foreldrana fljótlega. Einstaka ung börn þurfa lengri aðlögun en reynslan sýnir að þau eru fá og þau eldri eru oft öruggari. Komi upp vandamál er haft samband við foreldra. Við munum svo

nýta tímann til að funda og spjalla saman meðan á aðlögun stendur. A.t.h. farsímar eru bannaðir á deildum og á útisvæði meðan á aðlögun stendur.

Þegar nemendur flytjast á milli deilda er það starfsfólk leikskólans sem sinnir þeirri aðlögun.

Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann til að taka þátt í því starfi sem þar fer fram í samræði við starfsfólk. Þeir eru síðan sérstaklega boðnir á foreldrafundi, uppákomur o.þ.h.

Fatnaður

Leikskólinn er vinnustaður nemenda og því nauðsynlegt að þau komi í fötum sem sjá má á. Föt nemenda þurfa að vera þægileg svo auðvelt sé fyrir þau að bjarga sér sjálf t.d. á salerni og svo þau hindri ekki hreyfingar þeirra. Aukafatnaður þarf alltaf að vera til staðar í leikskólanum og eiga allir nemendur merktar körfur á salernum fyrir aukaföt. Foreldrar eru hvattir til að kíkja reglulega í körfur barna sinna en komi blaut/óhrein föt í taupokunum heim er líklegt að fylla þurfi á körfu nemandans strax daginn eftir. Taupokar merktir hverjum nemanda hangir í hólfunum og er gjöf frá foreldarafélaginu.

Fatnaður til útiveru þarf að vera til staðar og í samræmi við veðurfar hvern dag.

Allur fatnaður þarf að vera greinilega merktur hverjum nemanda. Ómerktur fatnaður er settur í körfur í fataherbergjum. Fyrir jólin og á vorin eru körfurnar tæmdar og það sem körfurnar geyma er gefið til bágstaddra fjölskyldna. Fara þarf yfir fatahólf barnanna ykkar daglega og taka óhreinan og blautan fatnað með heim. Fatahólf skal tæma á föstudögum og vagnar teknir heim.

Gott er að nemendur hafi inniskó meðferðis en skór sem eru lausir á fæti henta ekki vel í leik og starfi. Reimar skal fjarlægja úr fatnaði barnanna af öryggisástæðum.

Fatalisti til útiveru:

Þetta er gott að hafa meðferðis í leikskólann

Snjógalli (vetur)

Kuldaskór (vetur)

Stígvél

Pollagalli

Pollavettlingar

2 húfur - þunna og þykka

2-3 vettlingapör (þrjónavettlinga og lúffur)

Íþróttaskór/ léttir skór (sumar)

Pykk peysa - Þrjónapeysa/flíspeysa

Pykkar buxur - þrjónabuxur/flísbuxur

Fatalisti í körfur nemenda inn á salernum

2 sokkapör

2 nærbolir

2 nærbuxur

2 bolir/léttar peysur

2 buxur

Leikskólagjöld

Leikskólagjöld eru fyrirframgreidd. Foreldrar fá sendan reikning í heimabanka en þeir sem óska geta fengið sendan greiðsluseðil. Eindagi er 20 hvers mánaðar Systkinaafsláttur er veittur af vistunargjöldum og er þannig: Fyrir 2. barn er veittur 30% afsláttur og fyrir 3. barn er veittur 100% afsláttur.

Afsláttur er veittur til námsmanna og einstæðra foreldra og er þá veittur 30% afsláttur. Aldrei er veittur afsláttur ofan á afslátt. Dæmi: Einstæður námsmaður fær aðeins 30% afslátt - ekki 60%.

Leikskólagjald er ákveðið af bæjarráði að fenginni tillögu fræðsluráðs. Gjaldið er endurskoðað a.m.k. einu sinni á ári. Enginn afsláttur er gefinn af gjöldum þótt nemendur séu fjarverandi um tíma, nema um langverandi fjarveru vegna veikinda sé að ræða (mánuð eða meira) og veikindavottorð afhent. Hægt er að semja um afslátt á fæði sé nemandi lengur en 2 vikur í burtu vegna orlofs eða veikinda en þá þarf að láta leikskólastjóra vita af aðstæðum áður en leikskólagjöld eru tekin saman í lok hvers mánaðar. Samið er við Motus ef gjöld lenda í vanskilum. Þriggja mánaða vanskil þýða uppsögn á plássi. Óski foreldrar/forráðamenn eftir að breyta dvalartíma barna sinna skal sækja um það til leikskólastjóra með að minnsta 15 daga fyrirvara.

Skóladagatal - upplýsingaflæði

Skóladagatal er að finna á heimasíðu leikskólans og einnig mánaðarskrár fyrir hverja deild. Óski foreldrar eftir er hægt að fá útprentað skóladagatal hjá deildarstjóra. Fréttir eru settar á heimasíðu leikskólans og vikulega eru sendir tölvupóstar á foreldra allra nemenda í leikskólanum. Dagatöl allra deilda hanga uppi hjá deildunum, matseðill er aðgengilegur

bæði á heimsíðu leikskólans og inn á Karellen. Á upplýsingartöflu í fataherbergjum eru hengdar upp hinar ýmsu upplýsingar sem koma þarf til skila til foreldra.

Það er mikilvægt að foreldrar skoði dagatalið og lesi þær upplýsingar sem skólinn sendir frá sér og hvetjum við foreldra til að senda fyrirspurnir ef eitthvað er óljóst.

Sjö skipulagsdagar eru í Krílakoti ásamt einum hálfum degi hjá Dalvíkurbyggð. Skóladagatalið er unnið í samráði við Grunnskóla Dalvíkurbyggðar og Fræðsluráð. Þessa daga er leikskólinn lokaður og eru m.a. notaðir til fræðslu fyrir starfsfólk, undirbúa uppeldisstarf leikskólans og að endurmeta það starf sem unnið hefur verið.

Opnunartími og mætingar

Í Krílakoti er opið frá 7:45-16:15. Foreldrar eru beðnir um að virða þann vistunartíma sem þeir sömdu um í upphafi. Vegna dagskipulags og til að auka öryggiskennd nemenda er mikilvægt að nemendur mæti reglulega í leikskólann.

Sá sem kemur með nemandann í leikskólann skal ætíð láta starfsmann vita að hann sé kominn. Einnig skal láta vita þegar nemandi er sóttur og ef einhver annar á að sækja það.

Að heilsast og kveðjast

Við leggjum ríka áherslu á að bjóða góðan dag á morgnana þegar nemendur og foreldrar mæta í leikskólann og eins að kveðja í lok dags. Leikskólinn er þannig byggður að foreldrum ber að fylgja börnum sínum inn á deild þegar þau koma í leikskólann og sækja þau inn á deild eða á útisvæði þegar þau eru sótt. Nemandi telst ekki á ábyrgð leikskólans ef það er skilið eftir í fataherbergi eða á lóð skólans án þess að starfsmenn verði þess varir.

Hverjir sækja nemendur

Þegar nemandi byrjar í leikskólanum skrá foreldrar hverjir mega sækja þau í leikskólann þ.e. utan foreldra. Vinsamlegast látið starfsfólk leikskólans vita ef aðrir sækja nemandann en venja er. Þeir sem sækja nemendur þurfa að hafa náð 12 ára aldri.

Breytingar á högum nemenda

Oft geta lítil atvik í lífi nemenda haft áhrif á líðan þess og hegðun. Það er því nauðsynlegt að láta vita ef einhverjar breytingar eiga sér stað. Stærri atvik eins og skilnaður foreldra, flutningar, nýir fjölskyldumeðlimir, veikindi og annað getur haft veruleg áhrif á líðan nemanda og þá er mikilvægt að heimili og skóli vinni saman í því að hjálpa nemendum að vinna úr því. Góð samskipti og gott samstarf er grunnur að farsælli skólagöngu.

Ökutæki og umferð kringum leikskólann

Mikil umferð getur skapast í kringum leikskólann í upphafi og lok skóladags. Það er því mikilvægt að foreldrar sýni varkárni og þolinmæði því stundum gæti þurft að bíða eftir stæði. Þegar ökumaður yfingefur vélknúð ökutæki skal hann stöðva vél þess til að koma í veg fyrir loftmengun að óþörfu.

Samkvæmt lögum skal ökumaður sjá til þess að börn undir 15 ára séu í ákveðnum öryggis- og verndarbúnaði. Það kemur fyrir að börn eru laus í bílum þegar þau koma í leikskólann eða fara hjálmlaus á hjólum.

Starfsmönnun ber að tilkynna til barnaverndar verði þeir vitni af vanrækslu og ef þeir telja öryggi og velferð nemenda sé ógnað

Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl eru á haustönn og vorönn. Í samtölum þessum er m.a. rætt um líðan nemandans í leikskólanum, þroski þess og hvernig því gengur í hópatímum og félagslegum samskiptum. Foreldrar geta óskað eftir samtali á öðrum tímum, einnig geta kennarar boðað foreldra í samtal telji þeir þörf á.

Athuganir og mat á þroska og líðan nemenda

Til að meta þroska nemenda eru notaðar færniathuganir fyrir hvern aldurshóp. Nemendur með framburðargalla hitta sérkennara en er vísað til talmeinafræðings ef þurfa þykir. Hafi kennari áhyggjur af hegðun eða atferli nemanda er rætt við foreldra og fengið samþykki fyrir frekari athugunum. Foreldrar þekkja börnin sín best. Foreldrar sem hafa áhyggjur af þroska, líðan eða hegðun barna sinna eru hvattir til að ræða strax við kennara.

Fjölmening í Krílakoti

Í Krílakoti er fjöldi nemenda og nokkrir starfsmenn sem tala fleiri en eitt tungumál og hafa annað móðurmál en íslensku. Allir nemendur sem eiga sér annað móðurmál en íslensku fara í málörvunartíma og er fylgst vel með málþroska þeirra sem og allra nemenda í leikskólanum. Túlkaþjónusta er öflug og er ávallt túlkur í foreldrasamtölum og oftast ef þörf þykir.

Í Krílakoti er unnið með verkefni sem heitir LAP sem miðar að því að efla málþroska og tungumálakunnáttu barnanna. Tungumál nemenda eru sýnileg og blandast inn í verkefnavinnu að einhverju leyti í samvinnu við foreldra. Það er því aldrei að vita nema kennarar skólans biðji ykkur foreldra um aðstoð t.d. með því að koma með myndir að heima, kannski tónlist eða jafnvel koma og lesa á ykkar tungumáli fyrir börnin. Við hvetjum líka foreldra til að segja okkur frá menningu sinni og siðum og deila með okkur því sem er mikilvægt í lífi barna sinna og hjá fjölskyldum þeirra.

Nemendavernd

Í hverjum leik-og grunnskóla í Dalvíkurbyggð starfar nemendaverndarráð. Meginverkefni þess er að vera skólastjórnendum ráðgefandi varðandi málefni einstakra nemenda og beiðnir um frekari sérfræðipjónustu eða ráðgjöf. Einnig varðandi úrvinnslu eða skipulagningu sérkennslu/stuðnings eða beiðnum þar um frá greiningaraðilum svo og mat eða umfjöllun um sérkennslu/stuðningsþörf einstakra nemenda. Í nemendaverndarráði Krílakots sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, fulltrúi félags-og skólapijónustu, skólahjúkrunarfræðingur og deildarstjórar. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði varðandi einstaka nemendur sem lögð eru fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsingar skuli kalla eftir, á vinnslustigi málsins og boðar á sinn fund foreldra/forráðamenn svo og aðra sem tengjast málinu, ef þörf krefur.

Dagskipulag

Dagskipulag er mismunandi eftir deildum og má finna dagskipulag fyrir hverja deild á heimasíðu leikskólans. Grunnurinn er þó mjög svipaður:

7:45-08:00 Leikskólinn opnar/frjáls leikur
8:00-8:30 Morgunverður
8:30-9:30 Hópatímar
9:30-10:00 Ávaxtastund og klæða sig til útiveru
10:00-11:00 Útikennsla/frjáls leikur
11:00-11:30 Koma inn og undirbúa fyrir matartíma
11:15/11:30-12:00 Matartími
12:00 - ? Hvíld/róleg stund
14:30 - 15:00 Síðdegishressing
15:00 - 16:15 Frjáls leiktími/útivera

Dvalarsamningur, breytingar á vistun og uppsagnir

Þegar barn byrjar í leikskólanum undirrita foreldrar dvalarsamning. Óski foreldrar eftir breytingu á þeim samningi verða þeir að gera það skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Miðað er við 1. eða 15. hvers mánaðar. Eyðublöð þess efnis má nálgast á blaðarekkum í forstofum. Ekki er alltaf hægt að koma til móts við allar óskir strax því það fer eftir fjölda barna, stöðugildum starfsfólks og stærð húsnæðis.

Uppsögn á leikskólaplássi þarf að vera skrifleg og verður að berast til skólastjóra með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Uppsögn skal miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Hægt er að nálgast uppsagnarblöð í blaðarekkum í forstofu.

Óhöpp og slys

Meðan á leikskólavölin stendur geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt hendir er strax haft samband við foreldra og farið með nemandann á Heilsugæslustöð Dalvíkur ef þarf. Ef þörf er á fer starfsmaður með foreldri á heilsugæslustöðina. Leikskólinn greiðir fyrir fyrstu heimsókn en þurfi nemandi áframhaldandi meðferð hjá lækni greiða foreldrar kostnaðinn eða tryggingar leikskólans og/eða heimilistryggingar foreldrar viðkomandi barns. Öll slys eru skráð í leikskólanum og sum slys eru skráð strax hjá tryggingafélagi sveitarfélagsins s.s. tannslýs eða meiðsl sem talið er að geti haft áhrif á nemandann seinna meir.

Veikindi og frídagar

Leikskólinn er ætlaður frískum börnum. Verði nemandi veikur skal það dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í a.m.k. 1-2 daga eða þar til smithætta er liðin hjá og nemandi tilbúin til að takast á við leikskólastarfið. Möguleiki er að hafa nemanda inni 1-2 daga eftir langtíma veikindi. Sé nemandi ekki nægjanlega frískur til að vera úti skal það ekki koma í leikskólann nema með samþykki starfsfólks þ.e.a.s. að foreldrar hringi og athugi hvort nemandi geti verið inni þann daginn. Það er ákvörðun starfsfólks með tilliti til starfsemi leikskólans hvort það gengur upp þann daginn.

Lyf eru ekki gefin í leikskólanum nema í sérstökum tilfellum og þá með skriflegum leiðbeiningum frá lækni.

Leikföng

Nemendur eiga ekki að koma með leikföng í skólann nema á sérstökum dóta dögum. Nemendur mega hafa með sér tengihluti s.s. bangsa fyrir hvíldina sé þörf á því en gott er ef þau geta haft einn tengihlut heima og annan í leikskólanum. Hafa ber í huga að tengihlutirnir eru alfarið á ábyrgð barns og foreldris.

Starfsfólk ber ekki ábyrgð á þeim leikföngum sem nemendur koma með að heiman.

Heilsueflandi leikskóli – hollur matur, hreyfing og hvíld

Við í Krílakoti leggjum áherslu á heilbrigði og vinnum eftir hugmyndafræði um heilsueflandi leikskóla frá Landlæknisembættinu. Við leggjum áherslu á heilbrigðan lífsstíl, hreyfingu, hollt mataræði og hvíld. Allur matur er eldaður á staðnum og er horft til Lýðheilsustöðvar við gerð matseðla og vali á matvælum og uppskriftum. Reynt er að koma til móts við þarfir allra og séu börn á sérfæði vegna ofnæmis, lífsgilda eða trúar skal hafa samband við skólustjóra og fundað með matráði og gerð áætlun. Reynt er að samræma matseðla

nemenda með sérþarfir s.s. tegund af mjólk eða öðrum matvælum sem allir mega fá. Matseðil er að finna á heimasíðu leikskólans. Í morgunmat er boðið uppá hafragraut, súrmjólk, kornmeti og mjólk. Ávextir eru í boði um miðjan morgun. Heit máltíð er í hádeginu og í síðdegishressingu er boðið upp á brauð, álegg, mjólk og vatn.

Til að nemendur fái morgunverð þurfa þau að vera mætt fyrir klukkan 08:30

Hádegisverður er klukkan 11:15 á Skýjaborg, klukkan 11:20 á Sólkoti og Mánakoti og svo klukkan 12:00 á Kátakoti og Hólakoti.

Síðdegishressing er klukkan 14:30.

Séu nemendur með ofnæmi skal vottorð endurnýjað ár hvert eða oftár ef þörf er á.

Hreyfing og útivera er liður í starfi skólans og fara elstu nemendur í íþrótt- og sundkennslu í Íþróttamiðstöð Dalvíkur auk þess sem dagleg útivera, útikennsla og hreyfing er liður í daglegu starfi skólans. Að hvíla sig er mikilvægt þegar hugað er að heilsunni. Allir nemendur í leikskólanum hvíla sig daglega og fer það eftir aldri nemenda hversu lengi og hvort þau sofi eða hlusti á sögu með kennara sínum. Yngstu nemendurnir sofa flest úti og þurfa þeir nemendur að koma með vagn, hlýjan fatnað og góðan kerrupoka. Skylda er að hafa beisli í vögnunum af öryggisástæðum. Þeir nemendur sem sofa inni eða eru í vakandi hvíld koma með kotta og teppi að heiman.

Hefðir af ýmsu tagi

Við höldum uppá hina ýmsu daga hér í Krílakoti sem tengjast íslenskri menningu og siðum. Ef það eru einhverjir dagar sem foreldrar og nemendur frá öðrum löndum halda uppá með einhverjum hætti er gaman að fá fregnir af því og hver veit nema við getum haldið þá hátíðlega hjá okkur í Krílakoti. Endilega ræðið við starfsfólkið og segið þeim frá ykkar menningu og siðum. Ef það eru einhverjar hefðir sem foreldrar vilja ekki að nemendur taki þátt í er mikilvægt að ræða við leikskólastjóra eða deildarstjóra og fara yfir málin. Við finnum ávallt leiðir til að allir getir verið þátttakendur í starfinu á sínum forsendum.

Afmæli

Við höldum uppá afmælisdag nemenda í leikskólanum. Nemendur mála og skreyta kórónu í tilefni dagsins og í ávaxtastundinni er sunginn afmælissöngurinn og síðan fá þau að bjóða nemendum á deildinni uppá ávexti úr fallega skreyttri körfu. Að lokinni ávaxtastund fara þau með kennara sínum og flagga íslenska fánanum. Myndir frá deginum eru settar á Karellen og heimasíðu leikskólans á þá deild sem nemandi er á, við fyrsta tækifæri.

Ekki er leyfilegt að setja boðskort í afmæli í hólfi barnanna í leikskólanum. Foreldrar geta fengið lista hjá starfsfólki yfir nöfn nemenda á deildinni, símanúmer, heimilisföng og netföng.

Porrablót

Við höldum þorrablót á Bóndadaginn ár hvert hér í Krílakoti. Nemendur útbúa sér kórónu/hjálma og borða saman þorramat s.s. sviðasultu, hákarl, punga, hangikjöt, súrmat og fleira góðgæti. Á þessum degi eru sungnir íslenskir söngvar sem tengjast þorranum yfir borðhaldi og dagurinn gerður eftirminnilegur.

Bolludagur og Sprengidagur

Bolludagur og sprengidagur eru haldnir hátíðlegir. Bollur eru í öll mál á Bolludaginn og á sprengidaginn borðum við saltkjöt og baunir.

Öskudagur

Öskudagurinn er haldinn hátíðlegur í leikskólanum. Allir mæta í búningum bæði nemendur og starfsfólk. Sungin eru hin ýmsu lög, marserað og kötturinn sleginn úr tunnunni (tuskudýr) og farið er á dansiballi með saltstöngum og safa.

Skrúðganga á 17 júní

Síðasta virka dag fyrir 17. júní er gengið í skruðgöngu með íslenska fánann frá Krílakoti um Hólaveg að Ráðhúsi og kaupfélagi - stundum komið þar við og sungið, en endastöðin er Dalbær þar sem sungin eru sumar-og vorlög fyrir og með íbúum Dalbæjar.

Aðventan

Aðventan er áberandi í íslensku samfélagi og tökum við aðeins þátt í því. Við útbúum gjafir handa foreldrum, föndrum, lesum jólasögur og lærum um jólasveinana þrettán. Foreldrum er boðið í jólaföndur, ævintýraferð og á jólasöngfund á aðventunni. Foreldrafélagið heldur jólaball utan leikskólatíma í menningarhúsinu Bergi og kemur jólasveinn í heimsókn sem dansar og syngur með nemendum og fá þau öll gjafir frá jólasveininum.

Sveitaferð

Foreldrafélagið sér um sveitaferðina og fer hún fram utan leikskólatíma.

Dagur leikskólans

Á degi leikskólans er opið hús í Krílakoti frá 14-16. Foreldrar koma með bakkelsi og er boðið uppá kaffi og kökur auk þess sem foreldrar geta rölt á milli deilda og tekið þátt í leiknum. Elstu nemendur vinna verkefni og hengja upp í bænum eða taka upp myndband til að sína foreldrum.

Samstarf við aðra skóla

Krílakot er í samstarfi við Dalvíkurskóla og er vinabekkur Krílakots 5. bekkur skólans.

Einnig hafa krakkar frá 7. til 10. bekkjar komið í starfskynningar til að kynnast starfi leikskólans. Samstarf er við 1 bekk ár hvert og fara elstu nemendur í heimsóknir í grunnskólann auk þess sem 1 bekkur heimsækir leikskólann. Stjórnendur skóla í Dalvíkurbyggð hittast einu sinni í mánuði ásamt sviðsstjóra og sérfræðingi á fræðsluviði og fara yfir málefni skólanna, rekstur, framfarir og áskoranir.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við skólann og sitja í ráðinu 5 foreldrar, eitt foreldri úr hverjum árgangi. Hér má sjá lög foreldrafélags Krílakots:

1. grein

Félagið heitir Foreldrafélag Krílakots

2. grein

Tilgangur félagsins er að:

- a) styrkja samstarf heimila og leikskóla
- b) styðja starfsemi leikskólans með ýmsum uppákomum
- c) stuðla að framkvæmd mála í þágu leikskólans

3. grein

Þegar barn byrjar á Krílakoti gerast foreldrar og/eða forráðamenn þess sjálfkrafa félagar í Foreldrafélagi Krílakots. Allir aðrir sem áhuga hafa geta orðið félagar.

4. grein

Upphæð félagsgjalda er ákveðin af fráfarandi stjórn félagsins árlega. Félagsgjöld eru innheimt með leikskólagjöldum í hverjum mánuði. Greitt er með hverju barni óháð barnafjölda á heimili.

5. grein

Stjórn félagsins er skipuð foreldrum og/eða forráðamönnum fimm barna í leikskólanum, eitt foreldri úr hverjum árgangi. Stjórnin skiptir með sér verkum og starfar í eitt ár í senn.

6. grein

Aðalfundur er haldinn að hausti ár hvert. Á honum skal:

- a) fráfarandi stjórn upplýsa um störf félagsins síðastliðið starfsár
- b) fara yfir lög foreldrafélagsins og gera lagabreytingar ef þess gerist þörf.
- c) tilkynna upphæð félagsgjalda
- d) mynda nýja stjórn félagsins

7. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Dalvík 4. September 2014.

Heimasíða og Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi við skólann og sitja í ráðinu 4 foreldrar. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðsluráðs um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi skólans. Einnig að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan skólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á skólastarfinu. Fulltrúar í foreldraráði eru kostnir á haustfundi leikskólans og eru í eitt ár í senn.

Á heimasíðu leikskólans, <https://www.dalvikurbyggd.is/krilakot>, má finna hagnýtar upplýsingar um starfsemi skólans sem og fróðleik um þær stefnur og áherslur sem móta skólastarfið. Inn á síðu hvernar deildar eru settar inn fréttir af starfinu, myndir og mánaðarskrá.

Karellen

Skólinn notar upplýsinga- og skráningakerfið Karellen og var það tekið í notkun árið 2019. Kerfið heldur utan um viðveruskráningu, máltíðarskráningar, Svefnskráningar, matseðil vikunnar, viðburðardagatal, samtal milli aðstandenda og skólans og myndir af nemendum. Einnig hafa aðstandendur þann möguleika að skrá leyfi og veikindi nemenda í gegnum kerfið. Myndir verða vistaðar eingöngu inn á Karellen kerfið frá ágúst 2020 og þegar nemandi hættir í leikskólanum geta foreldrar nálgast myndirnar inn á innra kerfinu gegn greiðslu.

Lokaorð

Ágætu foreldrar/forráðamenn. Að loknum lestri þessa handbókar vakna eflaust margar spurningar um starfsemi leikskólans. Þar sem svona handbók gefur ekki tæmandi upplýsingar um starfsemi leikskólans hvetjum við foreldra til að afla sér frekari upplýsinga hjá starfsfólki og á heimasíðu leikskólans.

Við á Krílakoti leggjum áherslu á að veita nemendum umhyggju og hlýju, örvun og hvatningu í umhverfi sem þeim líður vel í og þau finna sig örugg í.

Eins og komið hefur fram í þessari handbók eru samskipti og samstarf foreldra og kennara afar mikilvægt. Þegar vel tekst til má með sanni segja að leikskólastarfið sé góð viðbót við það uppeldi sem nemendur fá á heimilum sínum.

Við hlökkum til samstarfsins bæði með ykkur foreldrum og gullmolunum ykkar.

Fyrir hönd starfsfólks,

Ágústa Kristín Bjarnadóttir aðstoðarleikskólastjóri

11. febrúar 2022